

# Stórgjöf til Íslendinga

Það er ekki á hverjum degi að annar eins hvalreki verður í menningarlífi þjóðar okkar og nú hefur orðið hjá Listasafni Íslands. Þannig er mál með vexti, að hinn heimskunni snillingur Hollendinga, BRAM VAN VELDE, sem löngum hefur starfað í Frakklandi að myndlist og löngu er orðinn einn, þekktasti myndlistarmaður

## Myndlist

eftir VALTY  
PÉTURSSON

núlifandi, hefur af óvenjulegum höfðingsskap gefið Listasafni Íslands feikna mikla og merkilega gjöf. Hér er ég að tala um 51 grafískt verk eftir Bram van Velde, sem eins og af hinnum ofan datt í kjöltu listasafnsins fyrir stuttu. Ekki veit ég ástæðuna fyrir því, að þessi mikla gjöf hefur þegar verið afhent og er komin til landsins.

En á næsta ári er fyrirhugað að halda sýningu á þessari einstæðu gjöf í Listasafni Íslands, og þá mun hinn aldni listamaður verða viðstaddur, en hann er þegar kominn yfir áttrætt. Þetta er svo einstæður atburður, að raunverulega er hann manni óskiljanlegur, hver svo sem ástæðan er til, að þessi öðlingur gefur svo rausnarlega. Verður það að mínum dómi seint þakkað. Svo stórkostlegt er þetta allt í eðli sínu. Þeir sem ekkert þekkja til myndlistar í Evrópu, halda ef til vill, að Bram van Velde sé bara eitt af þessum erlendu nöfnum, sem verða heimsfræg af því að svífa yfir Atlantsála hingað til okkar í fámennið. En um það get ég fullvissað lesendur þessara lína, að enginn Garðar Hólm er hér á ferð.

Það eru áratugir síðan Bram van Velde ásamt bróður sínum GEER haslaði sér völl sem framúrstefnumaður og fádæma vandaður málari. Hann nam málalist heima í Hollandi, hélt síðan til Þýskalands og þaðan suður á bóginn. Hann byrjaði að sýna verk sín í París, einmitt á þeim árum er París var miðpunktur alls myndlistarlífs í heiminum, síðan gerðist hann Mallorca-fari, en varð að



snúa þaðan vegna ofríkis Frakkós sáluga. Eftir að hann hafði aftur tekið sér bólfestu í París, sýndi hann ekki fyrr en 1946 og var þá kominn yfir fimmtugt. Síðan hefur hróður Bram van Velde farið eins og eldur í sínu um veröldina, og hann hefur skipað sér fyrir löngu í fremstu víglínu þeirra málara, er vinna á nútímalegan hátt, en halda samt við vissar hefðir. Einmitt á þann hátt verður til þróun og framvinda á sviði listar. Allt annað er kák eitt og flótti frá vandamálum listarinnar. Það er sárgrætilegur misskilningur, að menn geti skapað menningarverðmæti án þess að hafa nokkuð fyrir því eða þekkja til þess, sem áður hefur verið gert. Hér er ég að fjalla um mjög veigamikil átriði í listsköpun og það liggur beint við að minnast á það í sambandi við vinnu og viðhorf nútíma-snillings eins og BRAM VAN VELDE.

Ég hef átt þess kost að sjá nokkur af þeim verkum, er B. van Velde hefur gefið íslensku þjóðinni. Það, sem ég hef séð, er hvað öðru magnaðra og vandaðra. Það skal geymast til betri tíma að fjalla um og tíunda þessa merku gjöf, en eitt vil ég, að lesendur og öll þjóðin geri sér

# Kristinn Nicolai

Í hálfum vestursal Kjarvalsstaða sýnir um þessar mundir ungar myndlistarmaður Kristinn Nicolai að nafni, nokkur myndverk er hann hefur gert á undanförunum tveim árum.

Nicolai, eins og hann mun vilja láta nefna sig, er Reykvik-ingur er stundað hefur nám hjá Adolf von Spitze í Nürnberg á árunum 1971-75. Ekki þekkir undirritaður nokkurn skapaðan hlut til þessa „von Spitze“, kennslu hans og listheimspeki, og ekki hef ég heldur haft

## Myndlist

eftir BRAGA  
ÁSGEIRSSON


neinar spurnir af Nicolai en sýning þessi er frumraun hans hérlendis.

Málverk Nicolais, sem flest eru mjög stór og eru máluð á

þykkann pappír, koma ókunnugum vafalítið nokkuð spánskt fyrir sjónir og er ekki gott að ráða af þeim hvort hér sé um sérstakan skóla eða stefnu að ræða eða eigið uppátæki Nicolais. Útfærslan er þó síður en svo frumleg, en hér eru m.a. teknar gamalkunnar myndir af þekktum persónuleikum aldarinnar og þær útfærðar eftir listarinnar reglum í stækkara. Hér sjáum við t.d. Raspútín, Mússólíní, Mishima og heilar þrjár útfærslur af Hitler. Er myndin af Mishima (5) í sérflokkki að mínu mati í útfærslu allri. Þótt víða sé hraustlega að verki staðið leynir viss viðvangsbragur sér ekki í einstökum hlutum mynda og kemur það einna greinilegast fram í mynd nr. 10, „Der Führer“ (1978), einkum í málun handa og raunar kemur þetta víðar fram í höndum og smáatriðum í myndum. — Hópmyndin „Things“ (2) er vafalítið tilþrifamesta myndin á sýningunni í lit, byggingu og heildarútfærslu og er áhrifarík við fyrstu sýn. Nicolai vinnur mikið í jarðlitum en hér er litameðferð hans mjög einhæf taki maður mið af þessari sýningu, nema hvað hann bregður út af vananum í vatnslitamyndunum þar sem hann notar bjartari liti.

Þær myndir segja mér þó naumast mikið þar sem ég hef séð allmikið af keimlíkum myndum annarra listamanna.

Teikningarnar, sem eru tvær myndaraðir er byggjast á línu-leik eru ekki tilþrifamiklar en dálítið undarlegar í útfærslu. Af sýningunni í heild verður það helst ráðið, að hér fari maður með ótakmarkað sjálfstraust og sennilega mjög ákveðnar og ástríðufullar skoðanir í stjórnmálum. — Hæfileikamaður, sem hafi möguleika á að koma mjög á óvart í framtíðinni, einkum ef honum tekst að þroska bestu eiginleika sína — og verði ekki ófgastefnur honum ekki að fótakefli. Hér sker framtíðin úr.  
Bragi Ásgeirsson.



## Sumartónleikar

Síðustu sumartónleikarnir í Skálholti voru haldnir um síðustu helgi og voru öll verkefni eftir Mozart. Sigurður I. Snorrason og Óskar Ingólfsson klarínnettuleikarar og Hafsteinn Guðmundsson fagottleikari léku þrjú af fimm svo nefndum „Vinar Divertimenti“ K. 229. Divertimenti voru vinsæl viðfangsefni tónskálda á 18. öldinni, eða nánar til tekið frá 1750 til 1800 og á, í þróun tónforma þessa tímabils, samleið með símfóniunni, eins og hún tók að þróast hjá Mannheim-tónskáldunum. Divertimenti eru til fyrir

margvísleg hljóðfæri, allt frá einu „sólo“ hljóðfæri, eins og t.d. sembalo, upp í hálfgerðar hljómsveitir og að formi til er fjölbreytinn mikil, allt frá einum þætti upp í 12 kafla svitur. Undir það síðasta eru

## Tónlist

eftir JÓN  
ÁSGEIRSSON

## Kór Langholtskirkju

Kór Langholtskirkju hélt tónleika s.l. mánudag í Háteigs-kirkju, sem að nokkru má skoða sem „generalprufu“ fyrir tónleikahald kórsins á kirkjukórarmóti í Finnlandi, sem stendur yfir þessa dagana. Tónleikarnir hófust með 6 íslenskum trúarsöngvum í gerð Róberts A. Ottóssonar. Söngvar þessir eru hreinar perlu og voru á köflum vel sungnir en nokkuð hikandi við einstaka samskeyti og innkomur. Á eftir þessum dýrgripum söng kórin Heyr himnasmiður, eftir Þorkel Sigurbjörnsson. Heyr himnasmiður

er eitt fallegasta kórslag íslenskt og var vel flutt af kórnum. Fyrri hluta tónleikanna lauk með tveimur erlendum tónverkum, Alta trinita og Cantate Domino. Bæði stærð kórsins og söngstíll eru vel við hæfi fyrir eldri tónlist, en síður fyrir tónlist eins og eftir Anton Bruckner. Þar er svo mikill munur á styrk er reynir á tónþol söngvaranna. Lög Bruckners, Locus iste, Offertorium og Ave Maria voru vel sungin, en það þarf stóran kór til að skapa þessum lögum símfónískan svip. Síðast á efnisskránni voru tvö verk, sérstak-

